

47

8. apríl

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

63. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

64. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarþætur og breytingu á sömu lögum, nr. 41 5. apríl 1948, svo og lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóv. 1918, til að öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurborg frá 12. nóv. 1917 og reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921 með síðari breytingum á henni, og enn fremur reglugerð um hafnsögu í Reykjavík og hafnsögugjöld í Reykjavík frá 31. des. 1918 (nr. 2 og 3 1919).

Samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um viðauka við auglýsingu nr. 13 12. jan. 1949,
um söluskatt af innfluttum vörum.

48

31. marz

1. gr.

Auk þeirra vara, sem undanþegnar eru í B-lið auglýsingar nr. 13/1949 söluskatti af innfluttum vörum, skulu þessar vörur einnig undanþegnar slíkum skatti við innflutning:

Tollskrá

Kafli Nr.

10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
25	25	Krít, þvegin.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
35	10	Dikalsíumfosfat.

2. gr.

Auglýsing þessi skal þegar koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði 19. gr. tollskrárlaganna.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.